



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 8. febrúar 2010

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar að Hnjúkabyggð 33, mánudaginn 8. febrúar 2010. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Refaveiðar. Ræddar voru framkomnar hugmyndir bæjarráðs um að selja aðgang að refaveiðum. Nefndinni lýst vel á hugmyndina en telur að hana þurfi að útfæra í samráði við aðila sem stundað hafa refaveiðar á vegum sveitarfélagsins.
2. Skrapatungurétt. Fjallskilastjóri lagði fram samning sem gerður var í árslok 2009 milli Blönduósbæjar og Skagabyggðar um viðhald og rekstur Skrapatunguréttar. Skiptist kostnaður samkvæmt honum þannig að Blönduósbær ber 57,14% og Skagabyggð 42,86%. Tekjur af rétt og réttarskúr skiptast á sama hátt. Blönduósbær hefur samþykkt að veita á árinu 2010 1.000.000 króna í löngu þarft viðhald á réttinni.
3. Aðalskipulag. Rætt var um aðalskipulag Blönduóss sem er í vinnslu. Varðandi nýjan Skagastrandarveg vill nefndin leggja áherslu á að sett verði undirgöng eins og þurfa þykir á þeim jörðum sem leggja land undir veginn. Sömu leiðis að hugað verði að reiðvegagerð samhliða skipulagningu vegakerfisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Gauti Jónsson (sign.)
Þórður Pálsson (sign.)*

Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)